

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á staðfestu deiliskipulagi miðbæjar Reykjavíkur.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 20. nóvember 1991 staðfest breytingu á staðfestu deiliskipulagi miðbæjar (Kvosar) sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin miðast við deiliskipulag miðbæjar sem staðfest var af félagsmálaráðherra 22. febrúar 1988 og er fölginn í eftirfarandi atriðum:

- Geirsgata verði breikkuð og innkeyrsla að athafnasvæði Faxaskála flutt.
- Ný innkeyrsla að höfn verði í framhaldi af Pósthússtræti til norðurs og akstursrampi komi upp á Faxaskála.
- Nýr byggingarreitur er afmarkaður við suðurgafli Faxaskála.
- Sýndur er möguleiki á yfirbyggðri göngubrú úr Grófinni, yfir Geirsgötu og niður á Miðbakka.
- Grófinni verði lokað fyrir umferð að og frá Geirsgötu.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur með samþykkt borgarráðs þann 30. apríl 1991 tekið að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 10. desember 1991.

F. h. r.
Páll Línadal.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagi Skildinganes.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 20. nóvember 1991 staðfest breytingu á skipulagi Skildinganes frá 10. febrúar 1965 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin miðast við skipulag Skildinganes, sem staðfest var 10. febrúar 1965, ásamt breytingu sem staðfest var 30. mars 1973 og byggingar- og skipulagsskilmála sem áritaðir voru á deiliskipulagsuppdrátt sem samþykktur var í borgarráði 14. febrúar 1967 og af Skipulagsstjórn ríkisins 27. febrúar 1967.

Breytingin er fölginn í því að Skildinganesvegur 64 og 66 (eldra nafn götunnar) verður Skildingatangi 2, 4 og 6. Þar sem áður voru tvær lóðir verða nú þrjár og samfara þessu fá lóðirnar nr. 4 og 6 afmarkaða byggingarreiti.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur með samþykkt Borgarráðs þann 22. október 1991 tekið að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 6. desember 1991.

F. h. r.
Páll Línadal

Hrafn Hallgrímsson.